



HRUNAMANNAHREPPUR

22. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 1. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 12. JANÚAR 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 12. janúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Heilsuþorp á Flúðum.
2. Aðalskipulag: Birtingaholt.
3. Aðalskipulag: Miðfell III.
4. Kaupþilboð í Ásastíg 4b.
5. Lánasjóður sveitarfélaga. Endurfjármögnun.
6. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.
7. Almenningsamgöngur á Suðurlandi.
8. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um breytingu á rekstarleyfi.
9. Rarik: Hækkun á verðskrá.
10. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur 17. janúar n.k.
11. Brunavarnir Árnessýslu: Beiðni um viðræður.
12. Ungmennafélag Íslands: Gisting íþróttahópa.
13. Landgræðsla ríkisins. Samstarfssamningar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 10. fundar frá 9. janúar 2012.
-fundargerð liggur frammi á fundinum-
15. Umhverfisnefnd. Fundargerð 5. fundar frá 10. janúar 2012.
-fundargerð liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

16. 42. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 15. desember s.l. og 74. afgreiðslufundur frá 7. desember s.l.
17. Velferðarnefnd. 5. fundur Velferðarnefndar frá 14. desember s.l.
18. Oddvitanefnd Uppsveita: Fundargerð frá 12. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 210. stjórnarfundar frá 27. desember s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 137. fundar frá 9. desember s.l.
- c. SASS: Fundargerð 452. stjórnarfundar frá 9. desember s.l.
- d. Inntökuráð ART teymis: Fundargerð 14. fundar frá 17. maí 2011.
- e. Inntökuráð ART teymis: Fundargerð 15. fundar frá 12. desember 2011.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 792. fundar frá 16. desember s.l.
- g. Oddvitar uppsveitanna: Aðild Flóahrepps að ferðamálafultrúaembættinu.
- h. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun.
- i. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Áætlun um úthlutun aukaframlags 2011.
- j. Landmælingar Íslands: Innleiðing á nýjum lögum um stafrænar landupplýsingar.
- k. Ársreikningur Hestamannafélagsins Smára 2010.
- l. Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2011.
- m. Ársreikningur Reiðhallarinnar á Flúðum ehf, 2010.

Fundir framundan:

- n. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur 17. janúar n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- o. Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat 2012.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Heilsuþorp á Flúðum.

Á fundinn mættu Árni Gunnarsson, Gestur Ólafsson og Guðrún Bryndís Karlsdóttir á vegum Heilsuþorpsins á Flúðum og fóru yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbyggingu Heilsuþorpsins. Þá kom Hannibal Kjartansson, veitustjóri inn á fundinn undir þessum lið. Lögð var fram skýrsla frá Náttúrufræðistofnun Íslands um náttúrufar á svæðinu og fornleifaskráning rædd. Einnig var rædd staða mála varðandi fjármögnun verkefnisins. Oddviti þakkaði gestum fyrir komuna og fróðlega yfirferð. Hreppsnefnd samþykkir að Sigurður Ingi Jóhannsson verði aðalmaður í stjórn Heilsuþorpsins á Flúðum ehf og Jón G. Valgeirsson verði varamaður.

2. Aðalskipulag: Birtingaholt.

Málinu er frestað til næsta fundar. Ragnar vikur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

3. Aðalskipulag: Miðfell III.

Lögð fram tillaga landhönnunar að lýsingu skipulagsverkefnis skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir gistiheimili/hótel á 8 ha spildu úr landi Miðfells III í Hrunamannahreppi (landnr. 193780). Samkvæmt lýsingunni er fyrirhugað að reisa gistiheimili/hótel með 16 tveggja manna herbergjum sem stækka mætti í allt að 32 herbergi. Fyrirhugað er að aðkoma að svæðinu verði um land Dalbæjar 1. Málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar á fundi dags. 17. desember 2011 og var þá bókað að nefndin teldi nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi svæðisins á þann veg að það verði skilgreint sem svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað landbúnaðar. Var þeirri ákvörðun vísað til sveitarstjórnar.

Hreppsnefnd samþykkir að unnið skuli að breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið til samræmis við fyrirliggjandi tillögu. Skipulagsfulltrúa er falið að láta vinna lýsingu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og kynna hana fyrir eigendum aðliggjandi jarða.

4. Kauptilboð í Ásastíg 4b.

Oddviti kynnti kauptilboð frá Flúðasveppum ehf sem borist hefur í fasteignina Ásastíg 4b Flúðum, að fjárhæð kr. 14.500.000. Hreppsnefnd samþykkir söluna og felur sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg gögn vegna sölunnar.

5. Lánasjóður sveitarfélaga. Endurfjármögnun.

Oddviti kynnti skoðun sem farið hefur fram varðandi betri kjör eða endurfjármögnun láns frá Arion banka að upphæð kr. 163.000.000. Fyrir liggja upplýsingar frá Arion banka um vaxtakjör, lánsloforð frá Lánasjóði sveitarfélaga og mat KPMG endurskoðunar á málinu.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 162.000.000 kr. til 12 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir á fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna lán sem tekið var árið 2004 hjá Arion banka vegna lánshæfra verkefna, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

6. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun um endurgreiðslu til Hrunamannahrepps vegna minkaveiða árið 2011 en ekkert er endurgreitt vegna refaveiða. Hrunamannahreppur telur að sú viðleitni sveitarfélagsins að reyna að halda fjölda refa og minka í skorðum sé almennt umhverfismál til að halda jafnvægi í lífríki landsins, m.a. fuglalífs, en ekki sérmál íbúa sveitarfélagsins. Því sé ótækt annað en ríkið taki þátt í kostnaði við veiðarnar og skorar hreppsnefnd á Alþingi og þingmenn Suðurlandsdæmisins að breyta þessum reglum og tryggja fjármagn til endurgreiðslna.

7. **Almenningssamgöngur á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti bréf frá Strætó á Suðurlandi þar sem greint er frá fyrirhuguðum akstri fyrirtækisins á Suðurlandi, akstursleiðum og fargjöldum. Hreppsnefnd fagnar nýjum almenningssamgöngum á Suðurlandi en hvetur til þess að skoðað verði að fella skólakeyrslu í FSu inn í leiðakerfi Strætó, m.a. til tryggja ferðir kvölds og morgna í Uppsveitir.
8. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsókn um breytingu á rekstarleyfi.**
Oddviti lagði fram beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna breytingar á rekstrarleyfi á veitingastaðnum Minilik á Flúðum þannig að leyfi verði veitt til vínveitinga til kl. 23:00 alla daga. Hreppsnefndar samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveður á um.
9. **Rarik: Hækkun á verðskrá.**
Oddviti kynnti hækkun á gjaldskrá fyrir dreifingu og flutning á raforku frá Rarik. Hreppsnefnd mótmælir því harðlega að svo miklar gjaldskrárhækkanir eigi sér stað sem bitna þungt á öllum rekstri á landsbyggðinni. Bent er á að nú þegar er umtalsverður munur á gjaldi í dreifbýli og þéttbýli. Með þessari gjaldskrárhækkun eykst munurinn enn frekar. Hækkunin nemur 7,5% í dreifbýli en um 5% í þéttbýli þrátt fyrir að raforkan sé að megninu til framleidd á landsbyggðinni. Hækkunin er umfram verðbólgu og það er einnig gróf mismunun að hækka meira í dreifbýli en í þéttbýli og eitt verð á að gilda fyrir alla.
10. **Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur 17. janúar n.k.**
Oddviti kynnti boð á aukaaðalfund Sorpstöðvar Suðurlands þann 17. janúar nk. Hreppsnefnd samþykkir að Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og Ragnar Magnússon, oddviti til vara.
11. **Brunavarnir Árnessýslu: Beiðni um viðræður.**
Oddviti kynnti beiðni frá Fulltrúaráði Brunavarna Árnessýslu um viðræður við fulltrúa Hrunamannahrepps um hugsanlega sameiningu. Hreppsnefnd samþykkir að fela Ragnari Magnússyni, oddvita, Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra og Jóhanni Marelssyni, slökkviliðsstjóra að ræða við fulltrúa Brunavarna Árnessýslu.
12. **Ungmennafélag Íslands: Gisting íþróttahópa.**
Oddviti kynnti erindi frá Ungmennafélaginu þar sem UMFÍ leitar eftir samningum við sveitarfélög, skóla og gistiheimili um gistingu á afsláttarkjörum fyrir ungmennafélaga. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vera í sambandi við UMFÍ vegna málsins.
13. **Landgræðsla ríkisins. Samstarfssamningar.**
Oddviti kynnti drög að samningum við Landgræðsluna um uppgræðslu austan Hvítár á Hrunamannafrétti og samstarfssamning um tilraunaverkefni um nýtingu á seyru til landgræðslu á sama svæði. Fyrir liggja umsagnir Landbúnaðarnefndar, Umhverfisnefndar og Landgræðslufélagsins um samningsdrögin. Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við Landgræðsluna um málið í ljósi umræðna á fundinum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. **Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 10. fundar frá 9. janúar 2012.**
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar landbúnaðarnefndar frá 9. janúar s.l. Farið var yfir drög að samstarfssamningi við Landgræðsluna um nýtingu seyru til uppgræðslu, drög að samningi við Landgræðsluna um uppgræðslu austan Hvítár á Hrunamannafrétti og fyrirspurn Fannborgar ehf vegna fjallaskála. Hreppsnefnd frestar ákvörðun varðandi lið 3 en samþykkir fundargerðina að öðru leyti.
15. **Umhverfisnefnd. Fundargerð 5. fundar frá 10. janúar 2012.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar umhverfisnefndar frá 10. janúar s.l. Farið var yfir drög að samstarfssamningi við Landgræðsluna um nýtingu seyru til uppgræðslu og drög að samningi við Landgræðsluna um uppgræðslu austan Hvítár á Hrunamannafrétti. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

16.42. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 15. desember s.l. og 74. afgreiðslufundur frá 7. desember s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 42. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 15. des. 2011 en þar var farið yfir 4 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið yfir mál nr. 6. fundargerðir 74. afgreiðslufundar frá 7. desember þar sem engin mál voru tekin fyrir sem tengdust Hrunamannahreppi. Farið var yfir mál nr.10, tillaga að deiliskipulagi fyrir ca. 3,96ha frístundasvæði í landi Syðra-Langholts í Vesturhlíð þar sem samþykkt var að kynna tillöguna með fyrirvörum. Mál nr. 11, þar sem lagt var fram lóðarblað fyrir stofnun 811 fm lóðar fyrir íbúðarhús úr landi Skyggnis. Mál nr. 12 tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir gistiheimili/hótel í landi Miðfells III þar sem málinu var vísað til hreppsnefndar vegna aðalskipulagsbreytinga. Mál nr. 13 þar sem samþykkt var að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á deiliskipulagi í landi Sunnuhlíðar á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál en bendir á að í máli nr. 13 eru staðháttavillur, Sunnuglód í stað Sunnuhlíðar og Stóra-Laxá í stað Litlu-Laxár. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

17. Velferðarnefnd. 5. fundur Velferðarnefndar frá 14. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Velferðarnefndar Árnespings frá 14. desember s.l. Farið var yfir trúnaðarmál, drög að starfsáætlun nefndarinnar árið 2012, umsögn velferðarnefndar vegna tillögu til þingályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara. Þá var fjallað um þá ákvörðun velferðarráðherra að atvinnuleitendur sem verið hafa á atvinnuleysisbótum í 42 mánuði eða lengur missi bótarétt. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

18. Oddvitanefnd Uppsveita: Fundargerð frá 12. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitanefndar Uppsveita og Flóa vegna skipulags og byggingarfulltrúaembættisins frá 12. desember s.l. Fjallað var um starfsmannamál embættisins, húsnæðismál, GPS staðsetningatæki og nýja heimasíðu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 210. stjórnarfundar frá 27. desember s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 137. fundar frá 9. desember s.l. Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 452. stjórnarfundar frá 9. desember s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Inntökuráð ART teymis: Fundargerð 14. fundar frá 17. maí 2011. Lagt fram til kynningar.
- e. Inntökuráð ART teymis: Fundargerð 15. fundar frá 12. desember 2011. Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 792. fundar frá 16. desember s.l. Lagt fram til kynningar.
- g. Oddvitar uppsveitanna: Aðild Flóahrepps að ferðamálafulltrúaembættinu. Lagt fram til kynningar.
- h. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun. Lagt fram til kynningar.
- i. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Áætlun um úthlutun aukaframlags 2011. Lagt fram til kynningar.
- j. Landmælingar Íslands: Innleiðing á nýjum lögum um stafrænar landupplýsingar. Lagt fram til kynningar.
- k. Ársreikningur Hestamannafélagsins Smára 2010. Lagt fram til kynningar.
- l. Skýrsla Æskulyðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2011. Lagt fram til kynningar.
- m. Ársreikningur Reiðhallarinnar á Flúðum ehf, 2010. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundar 17. janúar n.k. Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

o. Þjóðskrá Íslands: Fasteignamat 2012. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.17:05.